

Um brot gegn reglum þessum fer eftir 84., 85., 87. og 99. gr. laga nr. 46/1980.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 29., 32., 38., 43., 67. og 69. gr. laga nr. 46/1980 að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að því er varðar þátt Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. maí 1986.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa  
nr. 27/1983, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi liðir 1. greinar hljóði svo:

Vesturlandshérað:

- |                                  |                                    |
|----------------------------------|------------------------------------|
| 3. Ólafsvíkumdæmi:<br>Lyfjabúð   | 4. Stykkishólsumdæmi:<br>Lyfjabúð. |
| 3.1. Hellissandur:<br>Lyfjaútibú |                                    |

Vestfjarðarhérað:

- |                                      |                                 |
|--------------------------------------|---------------------------------|
| 1. Patreksfjarðarumdæmi:<br>Lyfjabúð | 2.3. Suðureyri:<br>Lyfjaútibú   |
| 2. Ísafjarðarumdæmi:<br>Lyfjabúð     | 2.4. Bolungarvík:<br>Lyfjaútibú |
| 2.1. Þingeyri:<br>Lyfjaútibú         | 3. Hólmavíkumdæmi:<br>Hólmavík: |
| 2.2. Flateyri:<br>Lyfjaútibú         | Lyfjaútibú frá Ísafirði         |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*